


Vestræn grafík á Kjarvalsstöðum

Reykjavíkurborg og félagið Íslensk grafík standa að ráðstefnu og sýningu á vestrænni grafíklist að Kjarvalsstöðum dagana 6. til 28. júní næstkomandi, undir yfirskriftinni Graphica Atlantica. Sýnd verða verk eftir listamenn frá Norður-Ameríku og Evrópu í öllum sýningarsölum Kjarvalsstaða.

Við val erlendra listamanna var áhersla lögð á lýðræðislegar aðferðir. Leitað var til ólíkra aðila

jafnt innanlands sem utan og óskað eftir að tilgreindir væru listamenn sem að þeirra áliti gæfu besta hugmynd um grafíklist beggja vegna Atlantshafsins. Að lokum var tekin sú ákvörðun að bjóða 100 listamönnum að senda inn 3 til 5 verk hver.

Ráðstefnan verður haldin að Kjarvalsstöðum dagana 6. og 7. júní og á Kirkjubæjarklaustri 8. til 11. júní.



Meðal verka á sýningunni er verk listamannsins Outi Heiskanen frá Finnlandi.

Ljósmyndasýning í Djúpinu

Þorvarður Árnason opnar sýningu á ljósmyndum í Djúpinu á morgun laugardag. Þorvarður er líffræðingur að mennt og kennir við Menntaskólann í Reykjavík. Hann hefur fengið við ljósmyndun

frá því um tvítugt og hefur um nokkurt skeið verið „frilans“ fyrir ýmis blöð og tímarit, einkum Þjóðlíf.

Á sýningunni eru 20 litmyndir, flestar teknar á síðustu tveimur

árum. Meginþemu sýningarinnar eru hreyfing, form og litir.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 11.00 til kl. 23.30 fram til 28. júní.

Alþýðusambandsins. Mynda þeir spennandi teðna og hliðstæðna.

g '87 rsýning

vefnaði, Halla Haraldsdóttir, sýnir glerglugga, Jens Guðjónsson gullsmíður, sem slær á léttu strengi í málmskúlpúrum, Ófeigur Björnsson, sýnir járnskúlpúra, Sigrún Einarsdóttir, sem er ásamt manni sínum, Sören Larsen, með nytjaskúlpúra úr handunnu gleri, Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) sýnir veggmyndir úr steinleir og skálar, og Sigrún Guðmundsdóttir sem sýnir fót á yngstu kynslóðina.

Sýningin myndar með öðrum orðum spennandi heild sem markast af samspili andstæðna og hliðstæðna.

Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 16 til 20 en um helgar frá 14 til 22 og lýkur svo á þeim merka degi 19. júní.



Þorvarður er kennari með ljósmyndabakteríuna og starfar við það „frilans“.

Námskeið:

Götuleikhús á Akureyri

Bandalag íslenskra leikfélaga í samvinnu við Leikhópinn Sögu á Akureyri og Theaterpädagogisches Zentrum í Lingen í Vestur-Þýskalandi gangast fyrir vikunámskeiði í götuleikhúsi á Akureyri dagana 6.-13. júní. Námskeiðið hefur yfirskriftina „Þjóðsagan á götunni“. Verður unnið út frá þjóðsögu sem þekkt er bæði í Þýskalandi og á Íslandi. Frá Þýskalandi koma 4 kennarar auk 13 nemenda á aldrinum 16-20 ára en íslenskir kennarar verða Valgeir Skagfjörð og Sigrún Valbergsdóttir. 15 íslenskir þátttakendur verða á námskeiðinu, flestir frá leikklúbbum Sögu. Föstudagskvöldið 12. júní stendur til að sýna afrakstur námskeiðsins í miðbæ Akureyrar.



Útíflsnámskeið hjá skátunum

Í sumar gefst börnum og unglíngum tækifæri á að taka þátt í ævintýra- og útíflif undir kjörorðinu „Útíflif er gott líf“. Námskeiðin eru 11 daga löng og er dagskráin mjög fjölbreytt. Sem dæmi má nefna: fjallaferðir, tjaldútleigar, hellalaferðir, bátsferðir, útielund og varðeldur. Námskeiðin hefjast 15. júní og verða kl. 10-16. Útíflsnámskeiðin hafa bækistöðvar sínar á tveimur stöðum í borginni, í félagsmiðstöðinni Árseli í Árbæ og í skátaheimili Skjöldunga við Sólheima. Verð fyrir 11 daga námskeið er kr. 3.000. Skráning og allar nánari upplýsingar eru í síma 621390. Námskeiðin eru opin öllum börnum og unglíngum á aldrinum 9-15 ára.

Sýningar



Guðrún Anna Magnúsdóttir sýnir í Bókasafni Kópavogs

Þriðjudaginn 9. júní hefst sýning á vatnslitamyndum eftir Guðrúnu Önnu Magnúsdóttur í Listakrabbu Bókasafns Kópavogs. Á sýningunni, sem er fyrsta sýning Guðrúnar Önnu, eru 26 vatnslitamyndir, máladar á árunum 1986 og '87. Guðrún Anna stundaði nám við Myndlist- og handiðaskóla Íslands og útskrifaðist úr auglýsingadeild nú í vor. Sýningin verður opin á sama tíma og bókasafnið, mánudaga til föstudaga kl. 9-21 og stendur til 30. júní. Myndirnar á sýningunni eru til sölu og allir eru velkomnir.

Galleri Borg, Pósthússtræti 9

Gamlir meistarar, olíumyndir og vatnslitamyndir. Í Austurstræti 10 stendur yfir sýning á olíumyndum, klippi og fl. eftir nýja meistara.

FÍM-salurinn, Garðastræti 6

Guðrún Svava Svavarsdóttir sýnir teikningar unnar með ýmsum aðferðum. Sýningin ber yfirskriftina „Land og fólk“. Sýningin er opin daglega kl. 14-18 til 8. júní.

Galleri Langbrók, Textil, Bókhöfundstíg 2

Eina textilgallerið á landinu. Vefnaður, taubrykk, myndverk, fatnaður og ýmskonar listmunir. Opíð þriðjudaga til föstudaga kl. 14-18 og laugardaga kl. 11-14.

Galleri Svart á hvítu við Öðinstorg

Þar stendur yfir sýning á keramikskúlpúrum Borghildar Óskarsdóttur. Sýningin er opin alla daga, nema mánudaga, kl. 14-18 og lýkur henni 8. júní.

Galleri 119 v/JL húsið

Þar eru til sýnis plaköt og verk eftir þekktu listamann. Opnunartími er mánudaga til föstudaga kl. 12-19, laugardaga kl. 12-18 og sunnudaga kl. 14-18.

Húvetningafélagið í Reykjavík

verður við skógræktarstörf í Þórdísarlundi laugardaginn 6. júní. Upplýsingar í síma 38211.

Útimarkaður hjá Kvenfélagi Frikirkjunnar í Reykjavík

verður í dag, 5. júní, fyrir utan kirkjuna.

Orlof húsmæðra í Kópavogi

verður á Laugarvatni vikuna 29. júní til 5. júlí nk. Tekið á móti þöntunum í síma 42546, Inga, 41084, Stefánía, og 40576, Katrín.



Tónleikar

Hvítasunnmót með Stuðmönnum á Geirsárbökkum

Skammt frá Logalandi, nánar tiltekið á Geirsárbökkum, verður mikið um að vera um helgina. Diskótekið Disa spilar frá

Ferðalög

Útivistarferðir

Dagsferðir hvítasunnudag, 7. júní. Kl. 13 Grænadyngja - Lambafellsgjá. Létt og skemmtileg ganga í Reykjanesfölkvangi. Gjáin er skoðunarverð. Verð kr. 600. Annar í hvítasunnu, 8. júní. Kl. 13 Esja - Kerhólakambur. Gengið frá Esjubergi. Verð 600 kr., frítt f. börn m. fullorðnum. Brottför frá BSÍ, bensínsölu. Helgarferðir um hvítasunnu, 5.-8. júní. 1. Snæfellsnes-Snæfellsjökull. Góð gisti- aðstaða á Lýsuhóli. Sundlaug, heitur pottur.

Jökulganga og gönguferðir um fjöll og strönd. Breiðafjarðareyjasigling. 2. Skaftafell - Öraefi. Tjaldað við þjónustumiðstöðina. Göngu- og skoðunarferðir um þjóðgarðinn og öraefasveitina. 3. Skaftafell - Öraefajökull. Gengin Sandfellsleiðin á Hvannadalshnúk. Hægt að hafa gönguskíði. Tjaldað í Skaftafelli. 4. Þórsörk-Goðaland. Góð gisting í skálum Útivistar. Básum. Gönguferðir við allra hæfi. 5. Undir Mýrdalsjökli. Ný ferð á mjög áhugavert svæði á Höfðabrekkuafrétti inn af Reynisbrekku. Tjöld. Aðeins þessi eina ferð. Greiðslukortþjónusta.

Ferðafélag Íslands

Dagsferðir um hvítasunnu. 7. júní (sunnudagur) kl. 13 Reykjanes - ökuferð. 8. júní (mánudagur) kl. 13. Víflsfell (656 m). Gönguferðin tekur um 3 klst. Helgarferðir um hvítasunnu 1. Skagafjörður - Drangey. Gist í svefnpokaþess á Saudárkróki.

2. Skagafjörður - Tröllí í Tröllabotnum. Gönguferð með viðlegubúnað í nýlegt sæluhús Ferðafélags Skagafjörðinga.

3. Öraefajökull - Skaftafell. Gengið á Öraefajökul (2119 m). Farin verður Virkisleið. Gist í svefnpokaþess á Hofi.

4. Hríttfjallstindar (1875 m). Farin verður „Hafrafellsleið“ á tindana. Gist í svefnpokaþess á Hofi.

5. Snæfellsnes-Snæfellsjökull. Gengið á Snæfellsjökul og einnig farnar skoðunarferðir á láglandi. Gist í svefnpokaþess í Görðum í Staðarsveit.

6. Þórsörk. Gist í Skagfjörðsskála/Langadal. Gönguferðir um Mörkina.

7. Þórsörk - Fimmvörðuháls (dagsferð frá Þórsörk). Gist í Skagfjörðsskála/Langadal. Brottför í allar ferðirnar kl. 20 í kvöld. 5. júní. Upplýsingar og farniðasala á skrifstofu FÍ, Öldugötu 3. Ath: Greiðslukortþjónusta. Til athugunar fyrir ferðamenn: Um hvítasunnuna verður ekki leyft að tjalda í Þórsörk vegna þess hve gróðurinn er skammt á veg kominn.



Gönguferð um Garðabæ

Gengið verður á morgun, laugardaginn 6. júní, um Garðabæ í annarri „umhverfisgönguferðinni“ sem NVSV stendur fyrir til að vekja athygli á og tengja saman útivistarsvæði og byggðakjarna sveitarfélaga á Suðvesturlandi. Gangan hefst við Garðaskóla kl. 9 f.h. Ekkert þáttökugjald. Allir hafa tækifæri til að taka þátt í þessari göngu. Ýmist með því að ganga alla leiðina, sem er

um 12 km. eða koma í hana hvar sem er og vera með í henni lengri eða skemmri tíma. Landleiðir bjóða upp á að flytja fólk í gönguna kl. 10.10 frá Garðaskóla að Víflsfstöðum og til baka þaðan kl. 10.20 að Garðaskóla. Margir góðir gestir verða með í göngunni og eru Garðabæingar hvattir til að taka þátt í þessari gönguferð til að kynna sér skemmtilegar gönguleiðir, fara þær og stuðla að því að þær verði gerðar aðgengilegri og snyrtilegri.